



## Minnisblað

Efni: Pöntunarþjónusta í iðnaðarhverfinu Hellnahrauni - Ásvallalaug

Frá: Skipulag/Leiðakerfi hjá Strætó bs.

Til: Hafnarfjörður

Dagsetning: 22.6.2021

## Inngangur

Fulltrúar Hafnarfjarðar óskuðu eftir því við Strætó að skoða möguleika á pöntunarþjónustu í iðnaðarhverfið Hellnahraun í Hafnarfirði. Á svæðinu er ýmis atvinnu- og iðnaðarstarfsemi sem dreifist yfir nokkuð stórt svæði. Í dag ekur leið 1 eftir Drekvöllum og Kirkjuvöllum og eru stöðvarnar á leið 1 innan göngufjarlægðar frá þeim hluta iðnaðarhverfisins sem er næst íbúahverfinu, þ.e. Norðurhelli, Suðurhelli, Selhelli og Miðhelli. Hins vegar eru aðrir hlutar iðnaðarhverfisins utan göngufjarlægðar frá leið 1.

Komið hafa fram óskir um að bæta þjónustu almenningssamgangna á svæðinu. Hér er skoðaður sá valmöguleiki að koma á fót pöntunarþjónustu með leigubíl milli iðnaðarhverfisins og Ásvallalaugar.

## Útfærsla pöntunarþjónustunnar

Pöntunarþjónustan myndi virka þannig að farþegar geti pantað ferð til og frá ákveðnum stöðum innan hverfisins til og frá Ásvallalaug. Einungis verður stöðvað í iðnaðarhverfinu og við Ásvallalaug, en ekki á þeim stöðvum sem eru þar á milli.

Leigubílar frá Hreyfli myndu sinna pöntunarþjónustunni og það þyrfti að panta ferð hjá Hreyfli með a.m.k. hálf tíma fyrirvara. Leigubíllinn færi þá einungis á þær stöðvar sem pantað var til eða frá í hvert skipti. Ef margir farþegar panta sömu ferð þá gæti þurft að senda fleiri en einn leigubíl fyrir sömu brottför. Verðin sem gefin eru upp hér fyrir neðan eiga við um hvern leigubíl sem er pantaður og því gæti þurft að greiða það verð fyrir fleiri en einn leigubíl í sömu ferð ef margir panta á sama tíma.

Í kostnaðarútreikningunum sem fylgja hér á eftir er gert ráð fyrir að boðið verði upp á fimm ferðir á hálf tíma fresti í hvora átt á annatíma að morgni virka daga og 7 ferðir á hálf tíma fresti á annatíma seinnipartinn virka daga. Þessu er þó hægt að breyta eftir óskum Hafnarfjarðar.


Á mynd 1 eru sýndar mögulegar staðsetningar stöðva innan hverfisins. Þetta eru fyrstu tillögur að staðsetningunum og þeim má hnika til út frá óskum Hafnarfjarðar.



Mynd 1: Mögulegar staðsetningar stöðva

### Akstursleið til og frá Ásvallalaug

Mögulega akstursleið til og frá Ásvallalaug má sjá á mynd 2. Leiðir 1 og 19 stoppa báðar í dag við Ásvallalaug og því munu farþegar sem nýta sér pöntunarþjónustuna geta skipt yfir í þær leiðir við Ásvallalaug.



Mynd 2: Möguleg akstursleið til og frá Ásvallalaug

## Kostnaður

Kostnaður á hverja pantaða ferð (hvern leigubíl) er áætlaður u.þ.b. **3.300 kr.** Ef miðað er við að ferðir séu í boði einungis á annatíma á hálf tíma fresti eins og lagt var til hér að framan og allar ferðir yrðu nýttar með einungis einum leigubíl þá yrði árlegur kostnaður vegna pöntunarþjónustunnar u.þ.b. **20,6 m.kr.** á ári. Ef hins vegar einungis helmingur ferða eru pantaðar með einum leigubíl þá yrði kostnaðurinn u.þ.b. **10,3 m.kr.** á ári. Ekki er hægt að áætla á þessu stigi hversu margar ferðir verða pantaðar.